



STJÓRN SSH 461. fundur

Föstudaginn 21. september 2018, kl. 10:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SHS, Skógarhlíð 4.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Rósa Guðbjartsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson.
Fjarverandi: Ásgerður Halldórsdóttir og Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagstjóri SSH, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Viljayfirlýsingu og samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Lögð voru fram drög að viljayfirlýsingu og samkomulagi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Samkomulagið rammur inn viðræður til að tryggja fjármögnun fjárfestinga í stofnvegum og hágæðakerfi almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu á gildistíma langtíma samgönguáætlunar. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að verkefnahópur undir forystu Hreins Haraldssonar, fyrrverandi vegamálastjóra, muni leiða viðræðurnar og niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en 15. nóvember 2018. Auk Hreins tilnefna aðilar tvo fulltrúa hvor um sig í verkefnahópinn. Gert er ráð fyrir að reglulegum fundum verkefnahópsins með stýrihópi SSH og Vegagerðarinnar og fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ráðherra mun kynna helstu atriði samgönguáætlunar á BSÍ kl. 16 í dag og óskar eftir að samkomulagið verði undirritað á sama tíma.

Niðurstaða:

Samþykkt að undirrita viljayfirlýsinguna og samkomulagið milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Jafnframt samþykkt að Hrafnkell Á. Proppé og Þorsteinn R. Hermannsson verði fulltúrar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í verkefnahópnum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 10:45